

Nemendaleikhúsið:

Sýnir tvo leikþætti eftir Brecht

Nemendaleikhús Leiklistarskólans í Ríkisskólunum á nú tvö leikrit eftir Bertolt Brecht, sem ætlunin er að frumsýna 14. apríl n.k. Að loknum þessum verkefnum mun nemendaleikhúsið hefja æfingar á nýju leikriti eftir Sigurð Pálsson, sem Þórhildur Þorleifsdóttir leikstýrir, og í sumar mun nemendaleikhúsið vinna að sjónvarpsverkefni eftir Hrafn Gunnlaugsson.


Leikritin tvö, sem leiklistarnemarnir eru að æfa, eru; Úrræðið og Undantekningin og reglan. Leikstjóri er Petr Micka, bandarískur leikstjóri af

tékkneskum ættum. Erlingur E. Halldórsson þýddi leikritin.

Undantekningin og reglan hefur verið sýnt áður hér á landi, en Úrræðið hefur ekki sézt á leiksviði hér fyrr og að sögn Micka hefur það síðustu 30 árin aðeins verið sýnt sex sinnum í V-Þýzkalandi, Bandaríkjunum og Frakklandi.

Undantekningin og reglan hefur aftur á móti verið oft sýnt og víða um heim.

Petr Micka lét vel af starfinu hér og kvaðst hann reyndar gera sér vonir um, að næsta haust yrði hann ráðinn kennari við Leiklistarskólans í Ríkisskólunum.



Fá æfingu Nemendaleikhússins á leikþáttum Brechts. Leikstjórinn Petr Micka er til hægri.

Ljós: Ól.K.M.

Þorbjörg og Haukur Dór sýna á Kjarvalsstöðum

Á LAUGARDAGINN, 9. apríl, opna þau Þorbjörg Höskuldsdóttir og Haukur Dór Sturluson málverkafélagið á Kjarvalsstöðum. Verður sýningin opin til 24. apríl næst komandi en daglegur opnunartími er milli kl. 14 og 22. Þá er áformað að á föstudaginn fyrir lok sýningarinnar haldi Reykjavíkur Ensemble tónleika á sýningunni en hljóðfæraflokkur þessi var stofnaður 1975 og hefur haldið árlega tónleika um páskahtíðina.

Þorbjörg sýnir þarna olfúmalverk, auk nokkurra skissa að málverkum en flestar eru myndir hennar málaðar á síðustu tveimur árum. Þorbjörg var við nám í Myndlistarskólunum við Freyjugötu en hélt að loknu námi þar til Kaupmannahafnar og nam við Akadémíuna þar. Heim kom hún 1972 og þá hélt hún sína fyrstu sýningu í Gallerí Súm.

Haukur Dór er kunnari fyrir leirmunagerð sína en málverk. Þetta er fyrsta einkasýning



Haukur Dór var að ljúka við að hengja myndir sínar upp, er ljósmyndara Mbl. bar að garði.

hans en hann sýndi nokkrar myndir á haustsýningu Félags íslenskra myndlistarmanna sl. haust. Auk verka sem unnin eru í olfúli sýnir hann einnig nokkra leirmuni.



Þorbjörg Höskuldsdóttir

Ljós: Ól. K. Mag.



FRUMKVÖDLAR NORÐURLANDARÁÐS

ÞINGI Norðurlandaráðs var slitið í Helgisingfors á sunnudaginn. Á þinginu var minnst 25 ára afmælisráðsins og var það meðal annars gert með því að bjóða nokkrum frumkvöðlum þess að sitja þingið. Þessi mynd sýnir heiðursgestina, sem eru talið frá vinstri: Nils Herlitz, Bertil Ohlin, K-A Fagerholm, Einar Gerhardsen, V.J. Sukselainen, Knud Thestrup og Sigurður Bjarnason.

Sovézkur kafbátur lokaður í firði í N-Noregi

NORSKA stjórnin hefur skýrt frá því að norskri herinn hafi nú í meir en viku leitað erlends kafbáts í firði við Narvík.

Er þetta einmitt á svipuðu svæði og þar sem brezkum dvergkafbátum tókst að sökkva þýzka orustuskipinu Tirpitz, í einni af mestu dirfskuförum heimsstyrjaldarinnar seinni.

Í þetta sinn álíta Norðmenn að um sovézkann kafbát sé að ræða, sem í ellefu daga hefur legið á botni Tysfjorden, sem er um 700 metra djúpur, á meðan skip og flugvélar norsku herjanna hafa þrautkannað fjörðinn.

Öyggjandi vísbendingar eru um að kafbáturinn sé í Tysfjorden, en engar tilraunir hafa verið gerðar til að fá hann upp á yfirborðið. Það var sjómaður sem fyrst varð kafbátsins var. Hann tilkynnti hernum að hann hefði séð kafbátsturn langt inni í Tysfjorden, samkvæmt upplýsingum Robert Helseth, aðmíráls, sem er yfirmaður sjóherstjórnarinnar í Norður-Noregi.

Verður að koma upp

Upplýsingar sjómansins benda til þess að hér sé um diesalkafbát af eldri gerð að ræða. Þessir bátar geta ekki haldið sig neðansjárvar nema í takmarkaðar ntíma, og verða þá að vera á hreyfingu. Liggi þeir kyrrir geta þeir stöðvast á hafsbotni. Helseth segir að nú sé

tími bátsins í Tysfjorden að renna út. Hann verður því að koma upp á yfirborðið einhvern næstu daga til að endurnýja súrefnisbirgðir sínar.

Tysfjorden gengur inn úr stærri firði, Vestfjorden. Mynni fjarðarins er fremur þröngt, og því ekki erfitt að fylgjast með umferð um það. Segir Helseth aðmíráll, að sé kafbáturinn enn í firðinum, sem hann er sannfærður um, þá hafi hann enga möguleika á að komast í burtu óséður.

„Ef hann gerir tilraun til að

eru geysinákvæm þannig að jafnvel kafbátur, sem liggur kyrr á hafsbotni fer ekki framhjá þeim.

Pólitískt spursmál

Í Tysfjorden eru engin sérstök hernaðarleyndarmál sem ættu að lokka þangað erlenda kafbáta, en Norðmenn eru vanir stöðugri umferð erlendra herskipa um landhelgi sína. Helseth segir að flotinn muni reyna að finna staðarákvörðun kafbátsins en síðan sé það póli-



komast út úr firðinum munum við neyða hann upp á yfirborðið, samkvæmt skýrum fyrir-mælum, sem við höfum um landhelgisbrjóta af þessu tagi.“

Flugvélar frá flotastöðinni í Bodö hafa leitað í Tysfjorden með hlustunarbújum, sem látnar eru sökkva niður á sjávarbotn þaðan sem þær skrá allar hreyfingar. Herskip hafa leitað í firðinum með bergmáls-tækjum og bæði flugher og floti hafa fengið skýrar svaranir. Leitartækin, sem notuð eru,

tísk ákvörðun hvað gert verði við hann.

Þetta er mesta kafbátaleit í Noregi síðan 1972, þegar mikill mannaflí leitaði kafbáts í 14 daga í Sognsæ. Sá bátur komst að lokum undan, eða var látinn sleppa, aðeins viku áður en öryggisráðstefna Evrópu hófst í Helgisingfors.

Síðan kom í ljós að kafbáturinn í Sognsæ var pólskur af „whiskygerð“, en það er diesalbátur, svipaður þeim sem nú er leitað.

Kjördæmisráðið í Reykjaneskjördæmi:

Ellert Eiríksson kjörinn formaður

Aðalfundur Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi var haldinn s.l., laugardag í Skiphóli, Hafnarfirði. Fundarstjóri var forseti bæjarstjórnar Hafnarfjarðar, Stefán Jónsson, og fundarritari Guðmundur Guðmundsson bæjarfulltrúi.

Formaður Jóhann Petersen, baðst undan endurkosningu. Ellert Eiríksson, Keflavík, var kosinn formaður. Aðrir í stjórn: Páll Ólafsson, Albert Sanders, Ásthildur Pétursdóttir, Guðmar Magnússon.

Varastjórn: Páll Daníelsson, Benedikt Sveinsson, Ólína Ragnarsdóttir, Óskar Guðjónsson, Jakobína Mathiesen. Endurskoðundur: Þorgeir Ibsen og Pétur Antonsson.

Í flokksráð voru kosnir: Albert K. Sanders, Valdimar Magnússon, Kristinn Michelsen, Finnþogi

Björnsson, Jóhann Petersen og varamenn í flokksráð: Ingólfur Aðalsteinsson, Þorvaldur Karlsson, Karl B. Guðmundsson, Þorbjörg Tómasdóttir, Jón Kr. Jóhannesson.

Á fundinum var svohljóðandi tillaga samþykkt:

Aðalfundur Kjördæmisráðs Sjálfstæðisflokksins í Reykjaneskjördæmi, haldinn í samkomuhúsinu Skiphóli, Hafnarfirði, 26. marz 1977, telur Reykjaneskjördæmi bera svo skardan hlut frá borði hvað þingmannafjölda áhrærir í núverandi kjördæmskipun, að óviðunandi sé.

Fundurinn væntir því þess, að þingmenn kjördæmisins og aðrir alþingismenn vinni að því að það óréttlæti er íbúar Reykjaneskjördæmis búa við í þessu efni, verði leiðrétt á þann hátt, að kjósendur kjördæmisins séu virtir til jafns við aðra landsmenn.

Í lok fundarins flutti Matthías



Ellert Eiríksson.

Johannessen erindi: Orð um Ólaf Thors.

Að verðleikum voru fundarmenn Matthías þakklátir fyrir hið snjalla erindi hans og þökk-uðu með langvarandi lófaklappi.

Fjármálaráðherra ávarpaði fundinn að lokum og undirstrikaði þakklæti fundarins til Matthíasar Johannessen.

(Fréttatilkynning)